

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

1. tbl. 2009 – Mars

Fundur um afkomu og stöðu Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Stjórn lífeyrissjóðsins boðar til sjóðfélagafundar um afkomu sjóðsins á árinu 2008 og leiðir til að bregðast við tryggingafræðilegum halla. Fundurinn verður **fimmtudaginn 2. apríl** kl. 17:15-19:00 á Grand Hótel við Sigtún.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði mjög í kjölfar bankahrunsins og var -16,8% í árslok 2008.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögum ber að grípa til aðgerða ef hallinn er meiri en 15%. Sjóðurinn á nokkurra úrræða vöð og verður fjallað um þau á fundinum.

Ennfremur verða kynntar hugmyndir stjórnar um styrkingu eignastýringar sjóðsins með samstarfi eða samrekstri með öðrum lífeyrissjóðum.

Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeilda fyrir árið 2008. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilgreina.

Ef villur eru í yfirlitum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætt á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Skila má athugasemdum með tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða í síma 568 8504.

Aðalfundur 5. maí

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga hefur ákveðið að boða til aðalfundar sjóðsins þriðjudaginn 5. maí kl. 17:15. Fundurinn verður að venju haldinn á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún.

Í Morgunblaðinu 19. mars sl. birtist fyrir mistök auglýsing um aðalfund ársins í fyrra (2008) og þar er fundardagur tilgreindur 8. apríl 2008. Því er ítrekað að aðalfundurinn verður haldinn 5. maí nk. Verður boðað til hans með auglýsingu um tveimur vikum fyrir fundardag og bréfi til sjóðfélaga um viku fyrir fundardag

Veflykill að sjóðfélagavef

Margir sjóðfélagar hafa nýtt sér aðgang að sjóðfélagavefnum eftir að nýr veflykill var skráður á yfirlit sem send voru út í nóvember sl. Þeir sem ekki hafa farið inn á vefinn sjá veflykil á yfirlitinu sem fylgir þessu fréttabréfi. Sjóðfélagavefurinn er á heimasíðu sjóðsins, www.lifsverk.is. Kennitala sjóðfélagans er notandanafn inn á nýja vefinn og veflykilinn er lykilorðið. Hægt er að breyta veflyklinum þegar búið er að skrá sig inn á vefinn.

Sjóðfélagar sem einnig eru launagreiðendur geta notað eigin kennitölu og veflykil á sjóðfélagavefinn til að komast inn á launagreiðendavefinn.

Sjóðfélagalán aftur til lífeyrissjóðsins

Eftir að SPRON var lokað hefur umsýsla sjóðfélagalána flust til baka á skrifstofu lífeyrissjóðsins að Engjateigi 9.

Líklegt er að innheimta afborgana af lánnum og umsýsla, s.s. veðflutningar og greiðsluerfiðleikaúrræði, flytjist í annan banka innan tíðar, en þar til það er í höfn er sjóðfélögum bent á að hafa samband við skrifstofuna um fyrirgreiðslu.

Mikið tap á síðasta ári

Árið 2008 var eitt versta ár í sögu sjóðsins hvað ávöxtun varðar. Fall þriggja banka í byrjun október og gjaldþrot eða greiðsluvandi margra fyrirtækja leiddi til beins taps eða varúðarniðurfærslu eigna. Innlendir hlutabréfamarkaður er vart svipur hjá sjón. Einnig varð mikil lækkun eigna erlendis í dýpstu kreppu heimshagkerfisins í nærri 80 ár. Gengislækkun krónunnar hækkaði verðgildi erlendra eigna, en leiddi jafnframt til mikillar verðbólgu sem rýrði óverðtryggðar eignir og jók á skuldbindingar sjóðsins.

Sjóðurinn var í miklum viðskiptum við bankana þrjá og hafði á undanförunum árum fjárfest í hluta- og skuldabréfum sem þeir gáfu út. Sjóðurinn hafði einnig gert samninga við bankana um gjaldmiðlavarnir. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus. Mikil óvissa er um verðmæti annarra skuldabréfa sem þeir gáfu út. Þá er óvissa um uppgjör gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga.

Ávöxtun deilda var sem hér segir:

	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun
Samtrygging	-20,2%	-31,4%
Séreign 1	-10,8%	-23,3%
Séreign 2	-24,3%	-34,9%

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði mjög, var neikvæð um 16,8% í stað 0,9% árið áður. Lífeyrissjóðum er heimilt að vera með 15% halla á árinu 2009, ella þarf að grípa til aðgerða til að bæta stöðuna. Lífeyrissjóður verkfræðinga er með betri réttindaávinnslu og tryggingar en almennt gerist og á því um fleiri kosti að velja en flestir sjóðir. Unnt er að lækka réttinda-stuðla til að minnka ávinnslu réttinda í framtíðinni, lækka umframframlag til séreignardeildar þannig að stærri hluti iðgjalds renni til samtryggingardeildar, unnt er að breyta reglum um örorku-, maka- og barnalífeyri, fyrir utan að skerða áunnin réttindi, eins og ýmsir sjóðir hafa boðað.

Breyttar reglur um útgreiðslu séreignarsparnaðar

Með tvennum lagabreytingum hafa reglur breyst um útgreiðslu séreignarsparnaðar:

- Greiða má út í einu lagi frá 60 ára aldri (tók gildi 1. jan. 2009).
- Þeir sem eru yngri en 60 ára geta nýtt sér tímabundna útgreiðslu frjáls séreignarsparnaðar, allt að einni milljón króna sem dreifist á níu mánuði (tók gildi 13. mars 2009).

Ekki fellur allur séreignarsparnaður hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga undir ákvæði laganna um tímabundna útgreiðslu. Þau ná einungis til þess sparnaðar sem byggir á samningi, þar sem sjóðfélagi greiðir iðgjald, oftast 4%, og launagreiðandi greiðir mótframlag, yfirleitt 2%.

Frá ársbyrjun 2006 hefur hluti af iðgjaldi til samtryggingardeildar runnið í séreignarsparnað. Þennan sparnað er óheimilt að greiða út. Því getur sú staða komið upp að þótt sjóðfélagi eigi séreignarsparnað sem er meira en einnar milljónar króna virði þá sé einungis heimilt að greiða út hluta þeirrar fjárhæðar.

Sækja verður um til lífeyrissjóðsins á eyðublaði sem er að finna á vefsíðu hans. Sjóðurinn sækir síðan um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða út.

Greiddar eru út að hámarki 111.111 kr. á mánuði fyrir skatt og því greiðist að hámarki ein milljón króna á níu mánuðum. Ef óskað er eftir útgreiðslu lægri fjárhæðar greiðist hún út á skemmri tíma.

Nánari upplýsingar eru á www.lifsverk.is.

Uppsöfnuð ávöxtun

Á kynningarfundum sjóðsins um áhrif fjármálakreppunnar í nóvember sl. kom fram ósk um að sjóðurinn birti upplýsingar um ávöxtun undanfarna áratugi til að sjá mætti uppsafnaða stöðu gagnvart markmiði um 3,5% raunávöxtun. Gögnin eru birt á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is.